

Bréf umhverfis- og skipulagsfulltrúa, dags. 15. mars 2023, vegna auglýsinga á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 61 við Vesturgötu

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 61 við Vesturgötu, birtist í Fréttablaðinu á morgunn 16. mars 2023. Tillagan er í kynningu frá 16. mars 2023 til og með 5. maí 2023. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/vesturgata-61-0>

Vesturgata 61

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. febrúar 2023 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. mars 2023 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.133.1, Landhelgisgæslureits vegna lóðarinnar nr. 61 við Vesturgötu. Í breytingunni sem lögð er til felst að lóðinni er skipt upp í tvær lóðir þ.e. Vesturgata 61 og Seljavegur 8. Á hvorri lóð er skilgreindur byggingarreitur og leyfilegt að byggja eitt íbúðarhús innan hvors reits. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna. Vakin er athygli á að verið er að endurauglýsa tillöguna þar sem rangur uppdráttur var til kynningar með fyrri auglýsingu.

Tillöguna má nálgast á vefnum, www.reykjavik.is, undir skipulag í kynningu. Einnig má nálgast tillöguna á tölvuskjá hjá þjónustufulltrúa í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, mánudaga til fimmtudaga kl. 8:30 – 16:00 og föstudaga kl. 8:30–14:30 frá 16. mars 2023 til og með 5. maí 2023. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 5. maí 2023. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

Þuríður Guðmundsdóttir

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík
www.reykjavik.is